*Reykjavík 29.desember 2010*

**Fjölmiðlaútekt Creditinfo 2010.**

Meðfylgjandi eru helstu lykiltölur úr fréttum fjölmiðla árið 2010.

Nánari upplýsingar veitir undirritaður.

Sveinbjörn Ásgeirsson

Verkefnastjóri fjölmiðlaþjónustu Creditinfo.

Sími 865-0865, netfang sveinbjorn@creditinfo.is

## Fjöldi frétta eykst á ný.

Eftirfarandi niðurstöður byggja á fjölda innlendra frétta eftirtalinna miðla,

Ljósvaki: Stöð2, Bylgjan, Sjónvarpið og Fréttatímar Rásar 1&2

Dagblöð: Fréttablaðið, Morgunblaðið, DV, Viðskiptablaðið og Fréttatíminn

Netmiðlar: visir.is, mbl.is, dv.is, ruv.is, pressan.is, eyjan.is og vb.is

Hægt er að nálgast sundurliðun á milli miðla hjá Creditinfo en samtals fjöldi frétta í fjölmiðlum voru 158.432 fréttir á mánuði eða að meðaltali ríflega þrettán þúsund fréttir.

Í samanburði við síðustu ár má sjá að netmiðlar eru að koma mjög sterkt inn og mælast nú með um 48% af öllu innlendu efni. Þessi aukning efnis á netmiðlum vegar upp á móti miklum samdrætti dagblaðaefnis síðustu ár en til samanburðar má nefna að magn frétta mælist nú sambærilegt og árið 2005 þegar dagblöð, ljósvakamiðlar og landsmálablöð voru mæld með sambærilegum hætti. Í samantektinni 2010 er landsmálablöðum skipt út fyrir netmiðla og er sundurliðun eftir tegund fjölmiðils sem hér segir:

| Tegund miðils | Heildarfjöldi frétta | Meðalfjöldi frétta pr mánuð |
|---|---|---|
| Ljósvaki | 22.152 | 1.846 |
| Prent | 60.288 | 5.024 |
| Vefmiðlar | 75.992 | 6.333 |
| Alls | 158.432 | 13.203 |

Mælt tímabil: 1.1.2010 – 29.12.2010

## Innihald frétta

Þegar Creditinfo skoðar innihald frétta má meðal annars krosskeyra fréttir við ýmsar fyrirtækja- og fjárhagsupplýsingar, s.s. atvinnuflokkun samkvæmt ÍSAT. Með þessari skoðun er hægt að sjá hvaða umfjöllunarefni er oftast í fréttum miðað við þá atvinnuflokkun sem stuðst er við í annars konar greiningu.

Niðurstöður útttektar sýna að stjórnmál eru sem fyrr lang algengasta viðfangsefni fjölmiðla því ríflega helmingur allra frétta tengjast ýmist opinberri stjórnsýslu eða stjórnmálaflokkunum sjálfum. Þannig má sjá að umfjöllun í ÍSAT flokknum opinber stjórnsýsla mælist 34% en þar mælast t.d. umfjöllun um ráðuneyti og stofnanir. Næst á eftir mælist flokkurinn félagasamtök, en í þessum flokki teljast þá helst allir stjórnmálaflokkar. Umfjöllun um banka hefur minnkað nokkuð miðað við síðustu ár, fjármála- og vátryggingastarfssemi mælist nú með ríflega 10% umfjöllun. Fjórði algengasti atvinnuflokkurinn í fréttum er svo upplýsingar og fjarskipti en þar á meðal eru fjölmiðlarnir sjálfir.

| Atvinnuflokkur | Hlutfall |
|---|---|
| Opinber stjórnsýsla og varnarmál; almannatryggingar | 34,0% |
| Félagasamtök og önnur þjónustustarfsemi | 21,5% |
| Fjármála- og vátryggingastarfsemi | 10,5% |
| Upplýsingar og fjarskipti | 8,7% |
| Annað | 25,3% |

## Topp 10 listinn.

Sem fyrr mælast í efstu sætum ríkistjórnarflokkarnir en þetta er sambærilegt og verið hefur síðustu árin, þ.e. þeir stjórnmálaflokkar sem sitja í ríkistjórn hverju sinni mælast oftast í umfjöllun. Í þriðja sæti mælist hins vegar Alþingi sem hefur verið sífellt oftar í umræðunni eftir bankahrun. Það sama má segja um Hæstirétt Íslands sem eins og alþingi komst ekki á Topp10 listann árið fyrir hrun.

Þá hefur það breyst að bankarnir séu ekki allir meðal þeirra sem eru á topp 10 lista, ólíkt því sem var fyrir hrun. Í þetta sinn mælist eingöngu Landsbankinn meðal þeirra sem eru hvað oftast í fréttum og þarf að tengja þá tíðni meðal annars við mikla umfjöllun um Icesave sem kennd er við Landsbankann.

| Aðili nefndur í frétt | Tíðni | Meðaltal pr mánuð |
|---|---|---|
| Samfylkingin | 18.213 | 1.518 |
| Vinstrihreyfingin-Grænt framboð | 16.649 | 1.387 |
| Alþingi | 14.589 | 1.216 |
| Sjálfstæðisflokkurinn | 9.310 | 776 |
| Forsætisráðuneyti | 6.871 | 573 |
| Seðlabanki Íslands | 6.372 | 531 |
| Reykjavíkurborg | 6.112 | 509 |
| Fjármálaráðuneyti | 6.016 | 501 |
| Landsbanki Íslands hf | 4.634 | 386 |
| Hæstiréttur Íslands | 4.311 | 359 |

## Vinsælt efni í fréttum.

Icesave var tvímælalaust eitt af málum ársins annað árið í röð og því áhugavert að sjá hversu oft orðið var nefnt í fréttum íslenskra fjölmiðla. Til samanburðar voru einnig talin þrjú önnur málefni sem teljast til þeirra stærstu á árinu.

| Orð* | Nefnt í ljósvakafréttum | Nefnt í dagblöðum | Nefnt á netmiðlum | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Icesave | 1.123 | 1.470 | 2.946 | 5.539 |
| Eyjafjallajökull | 863 | 1.007 | 2.501 | 4.371 |
| Rannsóknarskýrslan | 714 | 1.517 | 2.502 | 4.733 |
| Gengistryggð lán** | 628 | 1.628 | 2.170 | 4.426 |

*Leitað var að orðunum í öllum beygingarmyndum og stundum notuð önnur heiti s.s. myntkörfulán**

Sjá má að töluverður munur er á hversu oft viðkomandi orð eru nefnd í hverri miðlatýpu. Þannig er Icesave nefnt nánast helmingi oftar í ljósvakafréttum en gengistryggðu lánin á meðan dagblöðin virðast hafa haft meira að segja um það síðarnefnda.

## Ráðherrapúls

Virkni og sýnileiki ráðherra er eingöngu mælt úr ljósvakafréttum því dagblaða- og netmiðlaefni getur oftar fjallað um mál þar sem aðili er nefndur á nafn án þess að vera tengdur sjálfu innihaldi fréttarinnar með beinum hætti. Sem fyrr mælast formenn ríkistjórnarflokkanna mest áberandi, rétt eins og hefur verið síðustu árin. Þó er það frábrugðið nú miðað við fyrri ríkistjórnir að það er ekki forsætisráðherra sem er mest áberandi ráðherrann.

| Viðmælandi | Fréttir |
|---|---|
| Steingrímur J. Sigfússon | 583 |
| Jóhanna Sigurðardóttir | 433 |
| Árni Páll Árnason | 138 |
| Össur Skarphéðinsson | 137 |
| Ögmundur Jónasson | 116 |
| Jón Bjarnason | 95 |
| Katrín Júlíusdóttir | 89 |
| Guðbjartur Hannesson | 84 |
| Katrín Jakobsdóttir | 79 |
| Svandís Svavarsdóttir | 42 |

Félags- og heilbrigðisráðherrann, Guðbjartur Hannesson er neðarlega á lista og skýrist það að einhverju leyti af því hversu seint hann tók við embætti. Fjarvera Ögmundar Jónassonar frá ráðherrastóli virðist þó síður en svo hafa haft áhrif á hans sýnileika í fréttum.

Þegar skoðað er hversu oft hver ráðherra var nefndur í fréttum breytist listinn lítilega. Þannig er Árni Páll Árnason hlutfallslega oftar viðmælandi í fréttum en viðfangsefni þeirra. Sá ráðherra sem mestan sýnileika hafði á árinu 2010 er þó óumdeilt Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra sem bæði er oftast viðfangsefni fjölmiðla og viðmælandi þeirra.

| Ráðherra | Ljósvaki | Dagblöð | Netmiðlar | Alls |
|---|---|---|---|---|
| Steingrímur J. Sigfússon | 882 | 1.192 | 2.023 | 4.097 |
| Jóhanna Sigurðardóttir | 764 | 1.129 | 1.944 | 3.837 |
| Össur Skarphéðinsson | 276 | 510 | 824 | 1.610 |
| Ögmundur Jónasson | 237 | 490 | 880 | 1.607 |
| Jón Bjarnason | 268 | 533 | 732 | 1.533 |
| Árni Páll Árnason | 269 | 343 | 717 | 1.329 |
| Katrín Jakobsdóttir | 124 | 312 | 363 | 799 |
| Katrín Júlíusdóttir | 148 | 250 | 401 | 799 |
| Guðbjartur Hannesson | 141 | 204 | 381 | 726 |
| Svandís Svavarsdóttir | 99 | 212 | 280 | 591 |

Talið hversu oft viðkomandi ráðherra er nefndur í fréttum óháð samhengi eða formi